

Mjöll-Frigg ehf.  
Norðurhellu 10  
221 Hafnarfirði

Reykjavík, 4. mars 2020  
UST201904-061/E.O.  
07.05.02

**Niðurstöður eftirlits með flokkun, merkingum, umbúðum, öryggisblöðum og skráningu hættulegra efnablandna sem framleiddar eru hér á landi.**

Þann 21. október 2019 fór Umhverfisstofnun í Mjöll-Frigg, Norðurhellu 10, Hafnarfirði, í eftirlit með efnavörum framleiddum hér á landi, til að athuga hvort þær uppfylli kröfur efnalaga nr. 61/2013.

Skoðaðar voru vörur með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP), reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni ef vörurnar félru undir þá reglugerð.

Eftirfarandi vörur voru í úrtaki eftirlitsins:

Vara	Strikamerki
Sám 2000 Túrbó – Tvívirkur tjöru- og olíuhreinsir -1L, 5L.	5 690681 002513 (1L), 5 690681 002520 (5L)
Mjöll-frigg Uppþvottalögur 1L	5 694310 770200

Eftirlit leiddi í ljós að hvorug varan uppfyllir að fullu skilyrði efnalaga nr. 61/2013, reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sama efnis, reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sama efnis og reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 648/2004 sama heitis .

Um kröfur til merkinga, umbúða, öryggisblaða og annars sem féll undir umfang eftirlitsins og þau frávik frá téðum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

**Umhverfisstofnun veitir Mjöll-Frigg ehf. frest til 26. mars 2020 til að senda stofnuninni eftirfarandi varðandi vörurnar:**

Varðandi Sám 2000 Túrbó:

- Upplýsingar um þá blöndu sem stuðst er við í notkun brúunarreglu og forsendur flokkunar hennar. Athuga ber að varan þarf mögulega einnig öryggislok og/eða ábreifanlega viðvörun samvæmt CLP en það fer eftir flokkuninni hvort svo sé.
- Uppfærðan merkimiða í samræmi við reglugerð 415/2014 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 , sem sýnir enn fremur lagfæringar á stærð hættumerkja á 5L brúsunum í samræmi við reglugerðina (þrófork sem staðfestir rétta stærð).
- Lagfæringar á innihaldsupplýsingum á merkimiðanum í samræmi við þvotta- og hreinsiefnareglugerð nr. 300/2014 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 648/2004.
- Öryggisblöð uppfærð þannig að þau standist kröfur reglugerðar nr. 888/2015 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

- Staðfestingu á skráningu skv. reglugerð nr. 888/2015 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 fyrir þau efni í vörum sem óskað var eftir slíkum gögnum fyrir sem hér segir:
  - Í tilfellum þeirra efna sem keypt eru af birgjum utan EES skal senda staðfestingu skráningar fyrirtækisins eða upplýsingar um eina fulltrúa (e. only representative) ef það á við.
  - Í tilfellum þeirra efna sem keypt eru af birgjum innan EES skal senda staðfestingu á skráningu (fullt skráningarnúmer og skráningaraðila) eða staðfestingu þess að beiðnin hafi verið áframsend á viðeigandi birgi innan EES.

Varðandi Mjöll-Frigg Uppþvottalög:

- Upplýsingar um þá blöndu sem stuðst er við í notkun brúunarreglu og forsendur flokkunar hennar skv. CLP.
- Uppfærðan merkimiða í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- Lagfæringer á innihaldsupplýsingum á merkimiðanum í samræmi við þvotta- og hreinsiefna-reglugerð nr. 300/2014 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 648/2004.
- Öryggisblöð uppfærð þannig að þau standist kröfur reglugerðar nr. 888/2015 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006.
- Staðfestingu á skráningu skv. reglugerð nr. 888/2015 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 fyrir þau efni í vörum sem óskað var eftir slíkum gögnum fyrir sem hér segir:
  - Í tilfellum þeirra efna sem keypt eru af birgjum utan EES skal senda staðfestingu skráningar fyrirtækisins eða upplýsingar um eina fulltrúa (e. only representative) ef það á við.
  - Í tilfellum þeirra efna sem keypt eru af birgjum innan EES skal senda staðfestingu á skráningu (fullt skráningarnúmer og skráningaraðila) eða staðfestingu þess að beiðnin hafi verið áframsend á viðeigandi birgi innan EES.

**Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST201904-061. Rafræn skjöl sendist á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).**

Umhverfisstofnun veitir Mjöll-Frigg ehf. hér með frest til 26. mars nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 12. mars nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 12. mars nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessar tilteknu vörur gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsektu sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna á heimasiðu Umhverfisstofnunnar<sup>1</sup>. Kröfur um form og innihald öryggisblaða er að finna í viðauka við reglugerð (ESB) 2015/830<sup>2</sup>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar, Einars Oddssonar, til að fá nánari upplýsingar um flokkun, merkingar og umbúðir og Ísaks Sigurjóns Bragasonar um skyldur varðandi öryggisblöð og skráningar, í síma 591-2000 eða í gegnum netföngin [einar.oddsson@ust.is](mailto:einar.oddsson@ust.is) og [isak.bragason@ust.is](mailto:isak.bragason@ust.is).

Virðingarfyllst,



Einar Oddsson  
Sérfræðingur



Ísak Sigurjón Bragason  
Sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/>

<sup>2</sup> <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32015R0830.pdf>